

## AUGLÝSING

### um flokkun vöru og þjónustu vegna vörumerkja.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Í samræmi við 16. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, með síðari breytingum og ákvæði Nice-samningsins frá 15. júní 1957 um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja, með síðari breytingum, gildir eftirfarandi flokkaskrá fyrir vörur og þjónustu vegna skráningar vörumerkja. Flokkaskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Flokkaskráin er í samræmi við 11. útgáfu alþjóðlegu skrárinnar um flokkun vöru og þjónustu við skráningu vörumerkja samkvæmt Nice-samningnum sem tók gildi 1. janúar 2017 og þær breytingar sem átt hafa sér stað frá þeim tíma. Flokkaskráin er uppfærð með rafrænum hætti um hver áramót.

#### 2. gr.

##### *Breytingar þann 1. janúar 2018.*

Eftirfarandi breytingar verða á yfirskriftum flokkaskrárinnar frá og með 1. janúar 2018.

1. Flokkur 1: Orðalaginu „til að nota“ er breytt í „til nota“. Komma á eftir orðinu „vísindastörf“ fellur brott og í stað þess kemur orðið „og“ á undan orðinu „ljósmyndun“. Tilgreiningin „áburður“ er flutt aftar í yfirskriftina. Tilgreiningunni „slökkviefni“ er breytt í „slökkvi- og eldvarnarefni“. Tilgreiningin „efni til varðveislu á matvælum“ er felld brott. Tilgreiningunni „sútunarefni“ er breytt í „efni til sýtunar á dýraskinum og -húðum“. Tilgreiningunni „lím og bindiefni til iðnaðarnota“ er breytt í „lím og bindiefni til nota í iðnaði“. Eftirfarandi tilgreiningum er bætt við: „kítta og önnur fyllingarefni; molta, áburður, gróðuráburður; líffræðilegar efnablöndur til nota í iðnaði og vísindum“.
2. Flokkur 2: Tilgreiningunni „litunarefni“ er bætt við á eftir tilgreiningunni „litarefni“. Tilgreiningunni „blek til prentunar, merkingar og fyrir leturgroft“ er bætt við þar á eftir. Tilgreiningin „litfestir“ er felld brott.
3. Flokkur 3: Í upphafi yfirskriftarinnar er bætt við: „Ólyfjabættar fegrunar- og snyrtivörur; ólyfjabættar tannhirðuvörur; ilmvörur, ilmolíur“. Tilgreiningarnar „lyflausar sápur“, „lyflausar snyrtivörur“, „lyflaus hárvötn“ og „lyflausar tannhirðuvörur“ eru felldar brott.
4. Flokkur 4: Tilgreiningunni „vax“ er bætt við á eftir tilgreiningunni „Olíur og feiti til iðnaðar“. Tilgreiningin „(þar með talið eldsneyti fyrir hreyfla)“ er felld brott.
5. Flokkur 7: Í stað „og“ á milli „Vélar og smíðavélar“ kemur komma og á eftir „smíðavélar“ er tilgreiningunni „orkuknúnar vélar“ bætt við. Svigar um „(þó ekki í landfarartæki)“ í yfirskriftinni eru felldir brott. Í stað „sem ekki eru handknúnar“ á eftir tilgreiningunni „landbúnaðarvélar“ kemur „aðrar en handknúin handverkfæri“.
6. Flokkur 8: Tilgreiningin „beltisvopn, þó ekki skotvopn“ kemur í stað „höggvopn og lagvopn“.
7. Flokkur 16: Tilgreiningin „vörur fyrir listamenn og teiknivörur“ verður „teiknivörur og vörur fyrir listamenn“.
8. Flokkur 21: Á eftir tilgreiningunni „Heimilis- eða eldhúsáhöld og ílát“ kemur „eldhús- og borðbúnaður, nema gafflar, hnífar og skeiðar“.
9. Flokkur 29: Tilgreiningin „matarolíur og matarfeiti“ verður „olíur og feiti til matar“ (for food).
10. Flokkur 30: Á eftir tilgreiningunni „ís“ kemur „(frosið vatn)“.

#### 3. gr.

##### *Leiðréttingar.*

Eftirfarandi leiðréttingar verða á þýðingum í yfirskriftum eftirtalinna flokka:

1. Flokkur 6: Tilgreiningin „málmílat“ sem er þýðing á tilgreiningunni „metal containers“ kemur í stað „málmgámar“.

2. Flokkur 10: Orðið „umönnunar“ sem er þýðing á orðinu „nursing“ í ensku útgáfu flokkaskrárinnar kemur í stað orðsins „hjúkrunar“.
3. Flokkur 28: Tilgreiningin „skjáleikjabúnaður“ sem er þýðing á „video game apparatus“ í ensku útgáfu flokkaskrárinnar kemur í stað „tæki til skjáleikja“.
4. Flokkur 31: Tilgreiningin „hráar og óunnar“, sem er þýðing á „raw and unprocessed“ í ensku útgáfu flokkaskrárinnar kemur í stað „óunnar og unnar“ í upphafi yfirskriftar flokksins. Tilgreiningin „blómlaukar“ sem er þýðing á tilgreiningunni „bulbs“ í ensku útgáfu flokkaskrárinnar kemur í stað „laukar“. Tilgreiningin „kimplöntur“ sem er þýðing á tilgreiningunni „seedlings“ í ensku útgáfu flokkaskrárinnar kemur í stað „græðlingar“.

## 4. gr.

*Nánari tilgreining á yfirskriftum flokka við endurnýjun vörumerkja.*

Í samræmi við ákvörðun Einkaleyfastofunnar um þengri túlkun á yfirskriftum flokkaskrárinnar frá 1. janúar 2014, er heimilt við fyrstu endurnýjun merkis eftir það tímamark að tilgreina nánar þá vöru og/eða þjónustu sem merki er skráð fyrir. Tilgreining skal vera í samræmi við þá útgáfu alþjóðlegu flokkaskrárinnar sem er í gildi hverju sinni. Útvíkkun á vernd er ekki heimil. Ef ekki er óskað eftir endurflokkun stendur vöru- og/eða þjónustulisti óbreyttur.

Við endurflokkun þá sem heimil er skv. 1. mgr. skal þess gætt að tilgreiningar séu skýrar og nákvæmar. Leitast skal við að velja einungis þær tilgreiningar sem varða starfsemi eiganda.

Það er á ábyrgð eigenda eða umboðsmanna þeirra að tilgreina nánar vöru og/eða þjónustu við endurnýjun í samræmi við ákvæði þetta. Telji Einkaleyfastofan tilgreiningar ekki fullnægjandi er veittur frestur til að lagfæra umsóknina í samræmi við 2. mgr. 27. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki.

## 5. gr.

*Gildistaka og brottfall.*

Auglýsing þessi gildir frá og með 1. janúar 2018. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um flokkun vöru og þjónustu vegna vörumerkja nr. 130/2017.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 1. desember 2017.*

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

**Ingvi Már Pálsson.**

*Brynhildur Pálmarsdóttir.*

**Fylgiskjal.****Skrá um flokkun vöru og þjónustu.****I. Vörur.**

1. Efni til nota í iðnaði, við vísindastörf og ljósmyndun sem og í landbúnaði, garðrækt og skóg-rækt; óunnin gervikvoða, óunnar plastvörur; slökkvi- og eldvarnarefni; efnablöndur til herslu og lóðunar; efni til sútunar á dýraskinnnum og -húðum; lím- og bindiefni til nota í iðnaði; kítí og önnur fyllingarefni; rotmassi, áburður, gróðuráburður; líffræðilegar efnablöndur til nota í iðnaði og vísindum.
2. Málning, gljákvöða (fernís), lakk; ryðvarnarefni og fúavarnarefni; litarefni, litunarefni; blek til prentunar, merkingar og fyrir leturgröft; óunnin náttúruleg kvöða; málmþynnur og málmduft til nota við málun, skreytingar, prentun og listsköpun.
3. Ólyfjabættar fegrunar- og snyrtivörur; ólyfjabættar tannhirðuvörur; ilmvörur, ilmolíur; bleiki-efni og önnur efni til að nota við fataþvott; efni til að nota við ræstingu, fægingu, hreinsun og slípun.
4. Olíur og feiti til iðnaðar, vax; smurolíur; raka- og rykbindiefni; brennsluefni og ljósmeti; kerti og kveikir til lýsingar.

5. Lyf og lyfjablöndur til lækninga fyrir menn og dýr; efnablöndur til hreinlætisnota í læknisfræðilegum tilgangi; sérfæði og næringarefni fyrir menn og dýr, barnamatur; fæðubótarefni fyrir menn og dýr; plástrar, sárabindi; tannfyllingarefni, vax til tannsmíða; sóttthreinsiefni; efni til að eyða meindýrum; sveppaeyðir, illgresiseyðir.
6. Ódýrir málmur og blöndur úr þeim, málmgrýti; byggingar- og smíðaefni úr málmum; færanlegar byggingar úr málmum; strengir og vírar úr ódýrum málmum, ekki til rafmagnsnota; smáhlutir úr málmum; málmílát til geymslu eða flutninga; öryggisskápar.
7. Vélar, smíðavélar, orkuknúnar vélar; hreyflar og vélar; vélategsli og drifbúnaður; landbúnaðarvélar, aðrar en handknúin handverkfæri; klakvélar (útungunarvélar); sjálfsalar.
8. Handverkfæri og handknúin tól; hnífapör; beltisvopn, þó ekki skotvopn; rakvélar.
9. Búnaður og tæki notuð við vísindi, siglingar, landmælingar, ljósmyndun, kvikmyndatöku og –sýningar; sjóntæki, vogir, mælingatæki, merkjaseendingatæki, eftirlitstæki, björgunartæki, kennslutæki og -búnaður; búnaður og tæki til að leiða, kveikja og slökkva á, breyta, safna, stilla eða stjórna rafmagni; tæki sem notuð eru til að taka upp, flytja eða fjölfalda hljóð eða mynd; segulgagnaberar, upptökudiskar; geisladiskar, stafrænar mynddiskar og annar stafrænn upptökubúnaður; vélbúnaður fyrir mynststýrð tæki; búðarkassar, reiknivélar, gagnavinnslubúnaður, tölvur; tölvuhugbúnaður; slökkvitæki.
10. Tæki og búnaður til skurðlækninga, lyflækninga, tannlækninga og dýralækninga; gervilimir, -augu og -tennur; hlutir til bæklunarlækninga; þráður til að sauma saman sár; lækninga- og hjálpartæki ætluð fötluðum; nuddtæki; búnaður, tæki og hlutir til umönnunar ungbarna; búnaður, tæki og hlutir til kynlífsathafna.
11. Tæki og búnaður fyrir lýsingu, hitun, gufuframleiðslu, matseld, kælingu, þurrkun, loftfræstingu, vatns- og hreinlætislagir.
12. Farartæki; tæki til flutninga á landi, í lofti eða á legi.
13. Skotvopn; skotfæri og skot; sprengiefni; flugeldar.
14. Góðmálmur og blöndur úr þeim; skartgripir, eðalsteinar og hálfedalsteinar; klukkur og tæki til tímamælinga.
15. Hljóðfæri.
16. Pappír og pappi; prentað mál; bókbandsfni; ljósmyndir; ritföng og skrifstofuvörur, þó ekki húsgögn; bréflím og lím til heimilisnota; teiknivörur og vörur fyrir listamenn; málningarpenslar; fræðslu- og kennslugögn; plastþynnur, -filmur og -pokar til umbúða og pökkunar; leturstafir, myndmót.
17. Óunnið og hálfunnið gúmmi, togleður (gúttaperka), gúmkvoða, asbest, gljásteyn og efni sem komið geta í staðinn fyrir þau; hálfunnið þanið plast og kvoða til iðnaðarnota; efni til hvers konar þéttingar eða einangrunar; sveigjanlegar pípur, rör og slöngur sem ekki eru úr málmum.
18. Leður og leðurlíki; skinn og húðir dýra; farangurs- og handtöskur; regnhlífar og sólhlífar; göngustafir; svipur, aktygi og reiðtygi; hálsólar, taumar og fatnaður fyrir dýr.
19. Byggingarefni (ekki úr málmum); ósveigjanlegar pípur í byggingar, ekki úr málmum; asfalt, bik og malbik; færanlegar byggingar, ekki úr málmum; minnisvarðar, ekki úr málmum.
20. Húsgögn, speglar, myndarammar; ílát, ekki úr málmum, til geymslu eða flutninga; óunnin eða hálfunnin bein, horn, hvalabein eða perlumóðir; skeljar; sæfrauð; raf.
21. Heimilis- eða eldhúsáhöld og ílát; eldhús- og borðbúnaður, nema gafflar, hnífar og skeiðar; greiður og svampar; burstar, nema málningarpenslar; efni til burstagerðar; hlutir sem notaðir eru til ræstingar; óunnið eða hálfunnið gler, þó ekki gler í byggingar; glervörur, postulín og leirvörur.
22. Kaðlar og seglgarn; net; tjöld og yfirbreiðslur; ofnir segldúkar eða úr gerviefnum; segl; sekkir til flutninga og geymslu efna í lausri vigt; bólstrunar-, fylliefni og tróð, nema úr pappír, pappa, gúmmi eða plasti; óunnin efni úr þræði til vefnaðar og efni sem komið geta í stað þeirra.
23. Garn og þráður til vefnaðar.
24. Vefnaður og efni sem komið geta í staðinn fyrir vefnað; lín til heimilisnota; ofin gluggatjöld eða úr plasti.
25. Fatnaður, skófatnaður, höfuðfatnaður.

26. Blúndur og útsaumur, borðar og kögur; hnappar og tölur, krókar og lykkjur, þrjónar og nálar; gerviblóm; hárskraut; gervihár.
27. Teppi, mottur, gólfdukar og annað efni til að leggja á gólf; veggklæðning (þó ekki ofín).
28. Leikspil, leikföng og hlutir til leikja; skjáleikjabúnaður; leikfimi- og íþróttavörur; jólatrésskraut.
29. Kjöt, fiskur, alifuglar og villibráð; kjötkraftur; niðursoðnir, frosnir, þurrkaðir og soðnir ávextir og grænmeti; ávaxtahlaup, -sultur og -grautar; egg; mjólk og mjólkurafurðir; olíur og feiti til matar.
30. Kaffi, te, kakó og gervikaffi; hrísgrjón; tapiókamjöl og sagógrjón; mjöl og matvörur úr korni; brauð, sætabrauð og sælgæti; ís til matar; sykur, hunang, síróp; ger, lyftiduft; salt; sinnep; edik, sósur (bragðbættandi); krydd; ís (frosið vatn).
31. Hráar og óunnar landbúnaðar-, lagareldis-, garðræktar- og skógræktarafurðir; hrátt og óunnið korn og fræ; ferskir ávextir og grænmeti; ferskar kryddjurtir; lifandi plöntur og blóm; blóm- laukar, kímplöntur og fræ til gróðursetningar; lifandi dýr; dýrafóður og drykkjavörur ætlaðar dýrum; malt.
32. Bjór; ölkelduvatn, gosdrykkir og aðrir óáfengir drykkir; ávaxtadrykkir og ávaxtasafar; þykkni og önnur efni til drykkjargerðar.
33. Áfengir drykkir (nema bjór).
34. Tóbak; hlutir fyrir reykingamenn; eldspýtur.

## II. Þjónusta.

35. Auglýsingastarfsemi; rekstur og stjórnun fyrirtækja; skrifstofustarfsemi.
36. Tryggingastarfsemi; fjármálastarfsemi; gjaldmiðlaviðskipti; fasteignaviðskipti.
37. Byggingastarfsemi; viðgerðir; uppsetninga- og lagnaþjónusta.
38. Fjarskipti.
39. Flutningar; þökkun og geymsla vöru; ferðaþjónusta.
40. Meðferð efna.
41. Fræðsla; þjálfun; skemmtistarfsemi; íþróttar- og menningarstarfsemi.
42. Vísinda- og tækniþjónusta og rannsóknir og hönnun í tengslum við það; rannsóknar- og greiningarþjónusta á sviði iðnaðar; hönnun og þróun tölvubúnaðar og tölvuhugbúnaðar.
43. Veitingaþjónusta; tímabundin gistiþjónusta.
44. Læknisþjónusta; dýralæknisþjónusta; fegrunar- og snyrtiþjónusta fyrir menn eða dýr; þjónusta við landbúnað, garðyrkju og skógrækt.
45. Lögfræðiþjónusta; öryggisþjónusta til líkamlegrar verndar einstaklingum og til verndar áþreifanlegum eignum; persónu- og félagsleg þjónusta í þágu einstaklinga.